

Föstudagurinn 18. október 1996 kl. 14:15

81. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 33/1996

## Mismunandi skilareglur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins

### I.

#### Málavextir

Í byrjun apríl 1996 var komið á framfæri við Samkeppnisstofnun athugasemd við nýsettum reglum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins (ÁTVR) um skil á áfengi. Tilefni athugasemdarinnar var að í mars hætti ÁTVR að skylda framleiðendur og heildsala áfengis til að merkja vörur sem þeir selja versluninni með nafni hennar eða innsigli. Í framhaldi af þessari breytingu sendi ÁTVR frá sér tilkynningu þar sem m.a. segir að frá og með 1. apríl muni „ÁTVR því aðeins taka við áfengi sem ekki er auðkennt ÁTVR að vörinni fylgi kassakvittun sem ekki sé eldri en 14 daga gömul“. Reglur um skil á áfengi sem merkt er ÁTVR verði hins vegar óbreyttar, þ.e. hægt sé að fá áfengi merkt ÁTVR endurgreitt svo fremi sem það sé á söluskrá verslunarinnar þegar því er skilað, það sé ekki útrunnið og hafi ekki skemmst í fórum kaupanda.

Í athugasemdinni er bent á að neytendum, framleiðendum og heildsölum sé mismunað með þessum nýju reglum og þess óskað að Samkeppnisstofnun athugi hvort mismunandi reglur um skil á áfengi eftir því hvort þær eru merktar ÁTVR eða ekki samrýmist 17. og 20. gr. samkeppnislaga.

### II.

#### Málsmeðferð

#### 1.

Ofangreind athugasemd var send ÁTVR til umsagnar og barst hún með bréfi, dags. 23. apríl 1996. Þar kemur fram að á meðan skylt var að merkja allt áfengi sem ÁTVR seldi með nafni fyrirtækisins eða innsigli hafi viðskiptavinir getað skilað þannig merktu áfengi og fengið það endurgreitt í peningum. Á þessu hafi

þó verið vissar undantekningar. Að mati ÁTVR breyttust aðstæður þegar einkaréttur fyrirtækisins á innflutningi var afnuminn. Nú sé ekki lengur skylt að setja nafn eða innsigli ÁTVR á umbúðir og nær hver sem er geti flutt inn áfengi og þá hugsanlega sömu vöru og ÁTVR er að selja.

Þá segir í bréfinu að verulegur hluti þess áfengis sem ÁTVR selji sé merktur versluninni og að ÁTVR muni heimila birgjum að nota nafn eða innsigli verslunarinnar á vöru sem til hennar eigi að berast, verði gerður um það formlegur samningur. Það er þó gert að skilyrði að viðkomandi birgir hafi ekki gerst brotlegur við reglur verslunarinnar og/eða landslög. Að mati ÁTVR getur birgirinn því valið á milli þess að gera samning við ÁTVR um merkingu, þannig að unnt verði að skila vörum sem hann flytur inn án þess að framvísa kassakvittun, eða gera ekki samning sem leiði þá til fyrrnefndra skilmála við skil á vörum.

Loks segir í svarbréfi ÁTVR: „*Verði eigi á það fallist að sú leið sem ÁTVR fer nú sé viðunandi virðast tveir kostir í boði. Sá fyrri er að ÁTVR krefjist merkingar á allri þeirri vöru sem endurselja á hjá fyrirtækinu. Þetta yrði að gera með endurskoðun samninga við birgja og mun vafalaust sæta gagnrýni EES-manna. Hin leiðin er að ÁTVR taki við öllu víni í skilum gegn innleggsnótu en það er sú tilhögun sem almennt tíðkast í viðskiptum í dag. Að sjálfsögðu yrði vínið að vera á söluskrám ÁTVR þegar því væri skilað.*“

## 2.

Óskað var eftir umsögn Félags íslenskra stórkaupmanna um mál þetta og barst hún með bréfi, dags. 23. maí 1996. Í bréfinu kemur fram sú skoðun félagsins að ÁTVR eigi að taka við öllu áfengi sem einstaklingar óska eftir að fá skilað og endurgreiða það, hvort sem áfengistegund er merkt fyrirtækinu og á sölulista þess eða ekki. Út frá því sé þá gengið að varan sé óskemmd og innsigli hafi ekki verið rofið. Félagið bendir og á að sú röksemd ÁTVR að vara þurfi að vera á sölulista til að henni verði veitt viðtaka standist ekki því að samkvæmt 19. gr. reglugerðar 607/1995 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skuli stofnunin veita viðskiptavinum sínum þá þjónustu að panta frá innflytjendum eða framleiðendum áfengi sem er ekki á söluskrá.

Félagið bendir jafnframt á að vegna einokunarstöðu sinnar hafi ÁTVR mun ríkari skyldum að gegna gangvart viðskiptavinum sínum en aðrir.

### 3.

Athugasemdir Félags Íslenskra Stórkaupmanna voru sendar ÁTVR til umsagnar. ÁTVR svaraði með bréfi þann 30. maí sl. Þar segir m.a. að um viðskipti ÁTVR gildi sömu reglur og almennt gildi um lausafjárkaup. Skylda til að endurgreiða vöru sem seld hafi verið gallalaus sé ekki fyrir hendi og réttur til að bera fyrir sig galla sem sannað sé að fylgt hafi vörunni við kaupin gildi að hámarki í eitt ár.

Í svarbréfinu kemur einnig fram það mat ÁTVR að óraunhæft sé að verslunin taki við öllu áfengi sem viðskiptavinir vilji skila þar sem mörg dæmi séu um að reynt sé að skila áfengi sem fengið sé eftir öðrum leiðum en í gegnum smásölu ÁTVR, bæði löglegum og ólöglegum. Fyrirtækinu sé heldur ekki skylt að taka við sérpöntuðu áfengi nema um galla sé að ræða sem seljandi ber ábyrgð á.

Þá segir í bréfi ÁTVR: „*Séu þær reglur sem ÁTVR beitir við skil áfengis taldar óréttmætar mun ÁTVR gefa út innleggsnótu við móttöku vöru. Sú skipan yrði fyrst og fremst til óhagræðis þeim mönnum sem skila vilja áfengi sem þeir hafa eignast en vilja ekki neyta eða veita öðrum af siðferðislegum ástæðum.*“

## III.

### Niðurstöður

#### 1.

Þar sem ekki er lengur skylt að setja innsigli ÁTVR á allt áfengi sem selt er í versluninni er ekki hægt að greina af útliti vörunnar hvort hún hefur verið keypt hjá ÁTVR eða ekki. Sökum þessa var tekin sú ákvörðun af hálfu ÁTVR að taka ekki við áfengi sem er án innsiglis verslunarinnar nema því fylgi kassakvittun sem ekki er eldri en fjórtán daga gömul. Sé áfengi hins vegar merkt innsigli verslunarinnar má skila því hvenær sem er, óháð því hvenær það var keypt, svo fremi að það sé enn á söluskrá verslunarinnar, það sé ekki útrunnið og hafi ekki skemmst í fórum kaupanda.

ÁTVR hefur tilkynnt öllum innflytjendum og heildsölum áfengis sem skráð er í svokallaðan kjarna, þ.e. áfengis sem er til almennrar, ótímabundinnar sölu í flestum vínbúðum ÁTVR, að þeim sé frjálst að merkja vörur sínar með merki ÁTVR. Séu vörunnar ekki merktar þurfi kassakvittun sem ekki er eldri en

fjórtán daga gömul að fylgja vörunni þegar henni er skilað. Í báðum tilfellum býður ÁTVR upp á endurgreiðslu.

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR er mestallt áfengi sem ekki er merkt ÁTVR í reynslusölu og á sérvallslista verslunarinnar. Tíu dögum eftir að reynslusölu lýkur gerir ÁTVR upp við birgja. Flytjist slíkt áfengi ekki í kjarna og verði af því afgangur er því skilað. Af þessum sökum taldi ÁTVR eðlilegt að miða skil á vöru við fjórtán daga svo að fyrirtækið sæti ekki uppi með áfengi sem hefði verið skilað en væri ekki lengur selt í verslunum þess.

## 2.

Markaðurinn sem um ræðir er smásala á áfengi hér á landi í órofum umbúðum. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur lögbundinn einkarétt til smásölu áfengis, þegar frá er talin sala á áfengi til neyslu á sölustað, samkvæmt lögum nr. 63/1969 um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, og áfengislögum nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá því að heimildir til innflutnings á áfengi voru rýmkaðar með breytingum á áfengislöggjöfinni árið 1995 hefur ÁTVR þannig starfað að hluta til sem einkasali á áfengi í smásölu og að hluta til í samkeppni við önnur fyrirtæki, þ.e. við aðra innflytjendur áfengis. Innflytjendur áfengis eiga þess ekki kost að koma vörum sínum til neytenda á umræddum markaði nema í gegnum verslanir ÁTVR. Þessi staða fyrirtækisins leggur því ríkar skyldur á herðar og þarf fyrirtækið að gæta þess að starfsreglur þess eða viðskiptahættir mismuni ekki neytendum, framleiðendum eða innflytjendum áfengis. Kemur þetta sjónarmið einnig fram í 1. mgr. 2. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak nr. 63/1969 þar sem segir að ÁTVR skuli gæta þess að jafnræði gildi gagnvart öllum áfengisbirgjum.

## 3.

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga getur Samkeppnisráð gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem að mati ráðsins hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Með því að hafa mismunandi reglur um skil á vöru eftir því hvort hún er merkt ÁTVR eða ekki er ljóst að möguleikar viðskiptavina á því að skila áfengi eru misjafnir. Það að mismunandi rúmar reglur gilda um merkt áfengi og ómerkt

getur því haft áhrif á val neytandans á áfengistegundum, t.d. þegar til stendur að kaupa mikið magn áfengis í einu.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur bent á að framleiðendum sé „*nánast í sjálfvald sett*“ hvort þeir auðkenni söluvöruna með merki ÁTVR eða ekki. Verslunin muni fyrir sitt leyti heimila birgjum að merkja vörur sínar merki ÁTVR, sé gerður um það formlegur samningur og birgirinn hafi ekki gerst brotlegur við reglur verslunarinnar og/eða landslög. Hugsanlegt er hins vegar að birgir hafi ekki hug á að auðkenna vöru sína með merki ÁTVR vegna kostnaðar sem því fylgir eða af öðrum ástæðum. Ýmiss konar annað óhagræði getur einnig fylgt því að merkja vöruna sérstaklega ÁTVR.

Með því að láta mismunandi reglur gilda um skil á vöru eftir því hvort hún er merkt ÁTVR eða ekki telur Samkeppnisráð hætta á að því jafnræði sem skal gilda milli áfengisbirgja sé raskað. Séu áfengisbirgjar ekki reiðubúnir að leggja í þann kostnað sem fylgir því að merkja vöruna, eða hafa ekki hug á að merkja vöruna af öðrum ástæðum, eiga þeir ekki annan kost en að hlíta skilmálum ÁTVR um að vörunni verði að fylgja kassakvittun sem ekki er eldri en fjórtán daga gömul, eigi að fá vörunni skilað.

Að mati Samkeppnisráðs eru slíkar reglur til þess fallnar að hafa skaðleg áhrif á samkeppnina í skilningi 17. gr. samkeppnislaga þar sem vara sem fellur undir rýmri skilareglur verður að teljast hafa visst forskot í samkeppni við sambærilega vöru sem um gilda þrengri skilareglur. Samkeppnisráð telur því að slíkar tvenns konar reglur um skil á vöru, eftir því hvort birgir hefur vöru sína merкта ÁTVR eða ekki, séu til þess fallnar að mismuna áfengisbirgjum samanber það sem áður hefur verið rakið. Því er nauðsynlegt að sömu skilareglur gildi að breyttu breytanda um allt áfengi sem selt er í verslunum ÁTVR.

#### IV.

##### Ákvörðunarorð:

**„Samkeppnisráð telur að með því að hafa mismunandi reglur um skil á áfengi, eftir því hvort það er merkt ÁTVR eða ekki, sé hætta á því að jafnræði milli áfengisbirgja sé raskað. Telur Samkeppnisráð slíkar skilareglur til þess fallnar að hafa skaðleg áhrif á samkeppnina.**

**Með vísan til 17. gr. samkeppnislaga beinir Samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að skilareglum verslunarinnar verði breytt þannig að viðskiptavinum, þar með talið birgjum, sé ekki mismunað. Skal reglunum breytt á þann hátt að allt áfengi sem selt er í versluninni, hvort sem það er merkt ÁTVR eða ekki, fáiist endurgreitt samkvæmt reglum sem fyrirtækið setur.“**